

TAKIÐ DAGINN FRÁ!

LYF ÁN SKAÐA

MÁLÞING UM SKYNSAMLEGA ENDURSKOÐUN LYFJAMEÐFERÐAR

Fimmtudagurinn 5. október 2023 | kl: 09:00-15:30

Markmiði málþingsins er að fylgja eftir vitundarvakningu um lyfjaöryggi landsmanna og opna umræðu á mikilvægi þess að endurskoða reglulega lyfjameðferðir einstaklinga (e. deprescribing) á Íslandi. Mikilvægt er að styrkja þessa vitundarvakningu með samtali helstu hagsmunaaðila þvert á heilbrigðiskerfið. Algengi fjöllyfjameðferðar hefur aukist en haft verður að leiðarljósi að móta þarf sameiginlega sýn á verklag um góðar ávísanavenjur sem draga úr óviðeigandi fjöllyfjameðferð.

Forsenda þess að ná árangri í vegferð sem þessari er öflugt samstarf stofnana og fagstétta innan íslenska heilbrigðiskerfisins. Velferð sjúklinga og almennings verður áhersla umræðunnar, þar sem leiðtogar í heilbrigðisþjónustu, rannsakendur og klínískir heilbrigðisstarfsmenn munu taka stöðuna eins og hún er á Íslandi í dag. Innblástur og lærdómur verður fenginn frá alþjóðasamfélaginu og verkefnum næstu ára forgangsraðað. Aðalfyrirlesari málþingsins verður Dr. Emily G. McDonald, læknir, sem er meðal frumkvöðla á alþjóðavettvangi í vegferð sem er þekkt sem „deprescribing“. Bakhjarl málþingsins er átaksverkefnið Lyf án skaða, sem er gæðaáttak í lyfjamálum á vegum Heilbrigðisráðuneytisins, Embættis Landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri, Læknafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Lyfjastofnunar.

Aðalfyrirlesari

Dr. Emily G. McDonald


Dr. Emily G. McDonald er lektor í læknisfræði með undirsérgræin í almennum lyflækningum við McGill University Health Centre í Montreal í Kanada. Rannsóknir hennar snúa að gæðum heilbrigðisþjónustu (e. high value medical care), með sérstakri áherslu á óviðeigandi lyfjameðferð aldriðra á fjöllyfjameðferð. Dr. McDonald var aðalrannsakandi og fyrsti höfundur Medsafer rannsóknarinnar, sem er hingað til stærsta rannsóknin á skynsamlegri endurskoðun lyfjameðferða í bráðþjónustu. Hún sinnir kennslu og handleiðslu í læknisfræði ásamt því að starfa sem lyflæknir og sinna rannsóknum á nýjum leiðum til að auka gæði lyfjameðferða. Árið 2020 var hún sæmd viðurkenningu The McGill Department of Medicine Early Career Investigator og hefur birt yfir 100 vísindagreinar um gæði í heilbrigðisþjónustu.

Málþingið er ætlað hagsmunaaðilum íslenska heilbrigðis- og velferðarkerfi og þeim sem taka stefnumótandi ákvarðanir hér á landi.

LYF ÁN SKAÐA



Öruggari tilfærsla
meðferðar



Bætt öryggi
í fjöllyfjameðferð



Bætt öryggi í notkun
áhættusamra lyfja